

**A 1652/presidiet**

Flutt af:
Flokkahópi hægrimanna

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 15-00194-2

Þingmannatillaga um öryggismálaráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Eystrasaltið einkenndist lengi vel af mikilli pólitískri togstreitu og átökum, auk þess að flest landanna sem að því liggja voru hersetin af öðrum ríkjum og/eða lutu alræðisstjórn og einsflokkskerfi. Á undanförunum 25 árum hafa aðstæður breyst í grundvallaratriðum. Í kjölfar þess að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt og samfara lýðræðisþróun í Póllandi og þar á undan Rússlandi, hafa friðsæld, frjáls viðskipti og vinsamleg menningarskipti sett mark sitt á svæðið. Einkum hafa Eystrasaltsríkin þrjú orðið sjálfsagður hluti af samfélagi Evrópuríkja og einnig færst nær Norðurlöndunum.

Því miður horfir nú til verri vegar á ýmsum sviðum. Þrátt fyrir jákvæða efnahagsþróun í Eystrasaltsríkjunum eykst þrýstingur í þeirra garð af hálfu Rússlands. Aðgerðir Rússa gegn Úkraínu og aukin athafnasemi rússneska hersins á Eystrasaltssvæðinu veldur ugg í öllum löndum sem eiga landamæri að Rússlandi. Þetta, auk sniðgöngu Rússlands á evrópskum vörum, hefur áhrif á okkur öll en ef til vill einkum og sér í lagi Eistland, Lettland og Litháen.

Við í Norðurlandaráði sjáum ríka ástæðu til þess að sýna baltnesku þjóðunum samstöðu. Samgangur er mikill milli landa okkar og þau gildi sem sameina okkur eru mun fleiri en hin sem skilja okkur að. Ein leið til að sýna samstöðu gæti verið sú að bjóða til sameiginlegrar öryggismálaráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Meginmarkmiðið væri ekki að taka upp nýja stefnu í utanríkis- og öryggismálum, heldur að auka þekkingu okkar á sameiginlegum áskorunum á þessu sviði. Eftir áralanga starfsemi í Eystrasaltslöndunum hefur Norðurlandaráð öðlast mikla þekkingu á aðstæðum í löndunum. Sú reynsla getur komið að góðu gagni ef við höfum frumkvæði að sameiginlegri öryggismálaráðstefnu.

Með hliðsjón af framangreindu leggur flokkahópur hægrimanna til

að Norðurlandaráð eigi frumkvæði að ráðstefnu Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja um öryggismál.

Norðurlandaráð

A 1652/presidiet

11. september 2015

Hans Wallmark (M)

Michael Tetzschner (H)

Wille Rydman (SamI)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Naser Khader (KF)

Annicka Engblom (M)

Lena Asplund (M)

Lars-Arne Staxäng (M)

Thomas Finnborg (M)

Bente Stein Mathisen (H)

Heidi Nordby Lunde (H)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Svein Harberg (H)

Øyvind Halleraker (H)

Juhana Vartiainen (SamI)

Susanna Koski (SamI)

Elín Hirst (Sj.)

Flutt af:

Flokkahópi hægrimanna

Til umfjöllunar í:

Forsætisnefnd

Málsnúmer 15-00194-2